

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

*Breyting á deiliskipulaginu „Víkurbær“.*

Þann 30. nóvember 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms tillögu að breytingu á deiliskipulaginu „Víkurbær“ í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þó án skipulagslýsingar og kynningar vinnslutillögu sbr. 3. og 4. mgr. 40. gr. laganna.

Tillagan var auglýst 13. desember 2023 með athugasemdafresti til 26. janúar 2024. Þann 29. febrúar 2024 staðfesti bæjarstjórn svör skipulagsnefndar við athugasemdum sem bárust í samræmi við 3. mgr. 41. gr. laganna. Skipulagsstofnun gerði ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna og hefur þeim sem gerðu athugasemdir verið send svör sveitarfélagsins ásamt upplýsingum um málskotsrétt.

Deiliskipulagsbreytingin er tilkomin vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar 12 íbúða fyrir Brák, íbúðafélag og tekur til 2.800 m<sup>2</sup> svæðis innan Víkurbæris. Breytingin felst í meginatriðum í fækkun lóða úr þremur í tvær með fjórum húsum, fjölgun íbúða úr átta í sextán, heimild að hafa hús á tveimur hæðum og fjölgun innkeyrslna um eina.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 4. júní 2024.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júní 2024